

# Kynning fyrir fjárlaganefnd 21. febrúar 2022

Sala eignarhluta ríkisins í  
Íslandsbanka hf.

---

# Efnisyfirlit

- Sölumeðferð eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka hf.
- Afkoma kerfislega mikilvægra viðskiptabanka á Íslandi
- Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki


# SÖLUMEÐFERÐ EIGNARHLUTA RÍKISINS Í ÍSLANDBANKA HF.

# Inngangur


- Með frumútboði, sem lauk 15. júní sl., seldi ríkissjóður 35,0% af hlutafé í Íslandsbanka hf. á 79 kr. hvern hlut og voru hlutirnir teknir til viðskipta í kauphöll 22. júní sl. í framhaldi af útboðinu
- Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2022 kom fram vilji ráðherra að selja alla eignarhluti ríkisins í bankanum á árunum 2022 og 2023
- Í fjárlögum sama árs kom svo fram að ríkissjóður áætli að sala eignarhluta í bankanum muni afla 75,0 milljarða króna
- Tillaga Bankasýslu ríkisins til ráðherra 20. janúar 2022 var þar af leiðandi í samræmi við vilja Alþingis:
  - *„Að Bankasýsla ríkisins fái heimild til að selja alla eignarhluti ríkisins í Íslandsbanka hf. í nokkrum áföngum og að höfðu samráði við ráðherra um skiptingu þeirra og tímasetningar. Heimild þessi gildi í tvö ár eða til og með 31. desember 2023.“*
- Þann 18. febrúar sl. nam markaðsvirði hluta í Íslandsbanka 256,0 ma.kr. og 65,0% hlutur ríkisins því 166,4 ma.kr.
  - Þann dag var lokaverð á hvern hlut 128 kr., en hæsta sögulega lokaverð á hvern hlut nam 129 kr. þann 17. og 11. febrúar sl.

# Verðþróun hluta í Arion banka og Íslandsbanka

Breyting á fyrsta viðskiptadegi eftir frumútboð



Breyting frá 22. júní til 31. desember sl.



Heimild: Bloomberg. Frumútboði Arion banka lauk 14. júní 2018 og voru hlutir í bankanum teknir til viðskipta daginn eftir (með skilyrðum). Frumútboði Íslandsbanka lauk 15. júní sl. og hlutirnir teknir til viðskipta 22. júní sl.


# Sala eignarhluta ríkisins í framhaldi af frumútboði

- Eðlilegt er að nýta skráningu hluta í Íslandsbanka á skipulegum markaði þegar kemur að frekari sölu
  - Tilboðsfyrirkomulag (e. accelerated book build)
  - Markaðssett útboð (e. fully marketed offering)
  - Miðlunaráætlun (e. trading plan)
- Í ljósi þessara fjölbreyttu aðferða er mikilvægt að hámarka sveigjanleika við frekari sölu í samræmi við tillögu Bankasýslu ríkisins, enda geta markaðsaðstæður breyst með skömmum fyrirvara hvenær sem er á næstu tveimur árum
- Til að ná forgangsmeginmarkmiði laga nr. 155/2012 um „hagkvæmni“, þ.e. hæsta verð, er lagt til að næsta sala fari fram með tilboðsfyrirkomulagi
  - Bankasýsla ríkisins lítur á sölu eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka sem eitt samfellt ferli, sem hófst með frumútboði, en getur verið framkvæmt í nokkrum áföngum og með mismunandi söluaðferðum
  - Markmiði um dreift eignarhald var náð með frumútboði, enda hefur Íslandsbanki flesta hluthafa af skráðum félögum á Íslandi og fjölbreyttra eignarhald heldur en flest, ef ekki öll skráð félög á Íslandi
  - Tilboðsfyrirkomulag er það fyrirkomulag, sem stuðst er við á evrópskum mörkuðum, m.a. af hálfu ríkisstjórna, við sölu á hlutum í skráðum félögum
    - Sala hollenska ríkisins á hlut í ABN AMRO
    - Sala breska ríkisins á hlut í Lloyds og NatWest (RBS)
  - Tilboðsfyrirkomulag lágmarkar einnig áhættu ríkissjóðs og kostnað í tengslum við útboð
  - Evrópsk ríki hafa einnig stuðst við miðlunaráætlun
    - Sala breska ríkisins á hlut í Lloyds og NatWest (RBS)
    - Sala írska ríkisins á hlut í AIB og Bank of Ireland
  - Ekkert útilokar að ráðist verði í sölu með markaðssettu útboði og útgáfu skráningarlýsingar á síðari stigum með beinni þátttöku almennings, frekar en óbeinni þátttöku í gegnum lífeyrissjóði eða verðbréfasjóði
- Samhliða sölu af hálfu stærsta hluthafa getur undirliggjandi félag einnig ráðist í endurkaup, sem hluthafi getur tekið þátt í
  - Sala Sampo á eignarhlut í Nordea bankanum
  - Sala hollenska ríkisins á eignarhlut í ABN AMRO

# Tilboðsfyrirkomulag: Framkvæmd

- Í tilboðsfyrirkomulagi er stuðst við sömu aðferðir og í frumútboði, nema að ekki er gefin út skráningarlýsing, og þar af leiðandi takmarkast útboðið til fagfjárfesta
- Eins og í frumútboði, þar sem stuðst er við hornsteinsfjárfesta eins og gert var í tilfelli Islandsbanka, geta söluráðgjafar gert tillögu um að ákveðinn fjöldi fagfjárfesta sé í aðdraganda fyrirhugaðrar sölu (t.d. 24 til 48 tímum fyrir) boðið að gerast innherjar (e. wall crossing) gegn því að eiga ekki viðskipti með hlutina
- Á grundvelli endursvörunar þeirra er svo tekin ákvörðun um hvort að ráðast eigi í sölu, sem tilkynnt yrði um eftir lokun markaða 24 til 48 tímum síðar
- Sölnni myndi ljúka sama dag og úthlutn til áskrifenda yrði tilkynnt fyrir opnun markaða daginn eftir, rétt eins og í frumútboði
- Á grundvelli endursvörunar annarra fagfjárfesta verður svo tekin ákvörðun um fjölda seldra hluta m.t.t. forgangsmeginreglu laga nr. 155/2012 um „hagkvæmni“, þ.e. „að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignarhluti“, og mun útboðsverð á hvern hlut miða við lokaverð hluta á þeim degi, sem sala er tilkynnt
- Með þessu fyrirkomulagi er mun líklegra að ríkissjóður afli hámarksverðs og takmarki áhættu vegna sölu, heldur en með markaðssettu útboði, í samræmi við fyrrnefnda forgangsmeginreglu

# Verðþróun hluta í Arion banka og Íslandsbanka og hlutabréfavísitalna





# **AFKOMA KERFISLEGA MIKILVÆGRA VIÐSKIPTABANKA Á ÍSLANDI**

# Afkoma bankanna 2021 og 2020:


## Rekstrarreikningur

	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbankinn		Samtals	
	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020
Vaxtatekjur	54,0	51,7	58,6	55,7	66,6	66,5	179,2	173,9
Vaxtagjöld	<u>(21,9)</u>	<u>(20,6)</u>	<u>(24,6)</u>	<u>(22,3)</u>	<u>(27,6)</u>	<u>(28,4)</u>	<u>(74,1)</u>	<u>(71,3)</u>
Hreinar vaxtatekjur	32,1	31,2	34,0	33,4	39,0	38,1	105,1	102,6
Þjónustutekjur	16,7	13,2	15,2	12,7	13,1	10,8	45,0	36,7
Þjónustugjöld	<u>(2,0)</u>	<u>(1,6)</u>	<u>(2,3)</u>	<u>(2,1)</u>	<u>(3,6)</u>	<u>(3,2)</u>	<u>(8,0)</u>	<u>(6,9)</u>
Hreinar þjónustutekjur	14,7	11,6	12,8	10,5	9,5	7,6	37,0	29,8
Fjármunatekjur og gengismunur	6,2	2,7	3,0	(0,9)	5,9	4,0	15,1	5,8
Aðrar rekstrartekjur	<u>5,3</u>	<u>5,2</u>	<u>0,3</u>	<u>0,2</u>	<u>1,0</u>	<u>0,6</u>	<u>6,5</u>	<u>6,0</u>
Samtals rekstrartekjur	58,2	50,8	50,2	43,2	55,3	50,3	163,7	144,2
Laun og tengd gjöld	(14,6)	(12,3)	(13,4)	(12,9)	(14,8)	(14,8)	(42,8)	(40,0)
Annar stjórnunarkostnaður	(10,7)	(11,5)	(9,8)	(9,8)	(8,3)	(8,2)	(28,8)	(29,6)
Iðgjald vegna innstæðutrygginga	(0,6)	(0,6)	(0,7)	(0,7)	(0,8)	(0,8)	(2,1)	(2,1)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	<u>(1,5)</u>	<u>(1,3)</u>	<u>(1,7)</u>	<u>(1,6)</u>	<u>(2,0)</u>	<u>(1,8)</u>	<u>(5,2)</u>	<u>(4,7)</u>
Samtals rekstrargjöld	(27,4)	(25,7)	(25,6)	(25,0)	(25,9)	(25,6)	(78,8)	(76,4)
Virðisbreyting útlána	3,2	(5,0)	3,0	(8,8)	7,0	(12,0)	13,2	(25,9)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	34,0	20,0	27,6	9,3	36,5	12,6	98,1	41,9
Tekjuskattur	<u>(6,8)</u>	<u>(3,2)</u>	<u>(5,1)</u>	<u>(2,5)</u>	<u>(7,5)</u>	<u>(2,1)</u>	<u>(19,4)</u>	<u>(7,8)</u>
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	27,2	16,7	22,5	6,9	28,9	10,5	78,6	34,1
Hagnaðar af aflagðri starfsemi	<u>1,4</u>	<u>(4,3)</u>	<u>1,2</u>	<u>(0,1)</u>	-	-	<u>2,6</u>	<u>(4,4)</u>
Hagnaður tímabilsins	28,6	12,5	23,7	6,8	28,9	10,5	81,3	29,7


# Afkoma bankanna 2021 og 2020: Skilvirkni, arðsemi og efnahagur

	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbankinn		Meðaltal eða samtals	
	2021	2020	2021	2020	2021	2020	2021	2020
<b>Skilvirkni og arðsemi á árinu</b>								
Vaxtamunur	2,6%	2,7%	2,4%	2,6%	2,4%	2,5%	2,4%	2,6%
Kostnaðarhlutfall á eignagrunni	2,1%	2,1%	1,7%	1,8%	1,4%	1,6%	1,7%	1,8%
Kostnaðarhlutfall á tekjugrunni	44,4%	48,1%	46,2%	54,3%	43,2%	47,4%	44,6%	49,9%
Arðsemi eigin fjár	14,7%	6,5%	12,3%	3,7%	10,8%	4,3%	12,6%	4,8%
<b>Efnahagur í lok árs</b>								
<i>Eiginfjárlutfall</i>								
Almennt eigið fé í þætti 1	19,6%	22,3%	21,3%	20,1%	24,8%	23,2%	21,9%	21,9%
Eigið fé í þætti 1	21,2%	24,1%	22,5%	20,1%	24,8%	23,2%	22,8%	22,5%
Samtals eigið fé	23,8%	27,0%	25,3%	23,0%	26,6%	25,1%	25,2%	25,0%
Lausafjárþekjuhlutfall	202,8%	188,5%	156,0%	196,0%	179,0%	154,0%	179,3%	179,5%
Útlán til viðskiptavina	936,2	822,9	1.086,3	1.006,7	1.387,5	1.273,4	3.410,0	3.103,1
Aðrar eignir	<u>377,6</u>	<u>349,8</u>	<u>342,5</u>	<u>337,5</u>	<u>342,3</u>	<u>290,8</u>	<u>1.062,5</u>	<u>978,0</u>
Samtals eignir	1.313,9	1.172,7	1.428,8	1.344,2	1.729,8	1.564,2	4.472,5	4.081,1
Samtals eigið fé	197,7	197,7	203,7	186,2	282,6	258,3	684,0	642,1
Fjöldi stöðugilda í árslok	751	776	735	779	816	878	2.302	2.433


# Breyting á árshagnaði viðskiptabankanna: 2020 til 2021



# Arðsemi eigin fjár 2017-2021




# Arðsemi eigin fjár 2017-2021 umfram áhættulausa vexti




Heimild: Bankasýsla ríkisins, fjárhagsbækur bankanna fyrir árið 2021 og Seðlabanki Íslands. Áhættulausir vextir skilgreindir sem vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabanka og ávöxtunarkrafa ríkisins 5,0% umfram þá.

# Árlegur hagnaður valinna íslenskra fyrirtækja 2021 og 2020



Heimild. Ársreikningar viðkomandi fyrirtækja fyrir 2021. Hagnaður stærstu viðskiptabankanna endurspeglar nær allt fjármálakerfið, á meðan hagnaður annarra fyrirtækja í þessari samantekt nær einungis til hluta atvinnufyrirtækja.

# Arðsemi banka á Norðurlöndum 2021 og 2020



Heimild: Fjárhagsbækur íslensku bankanna fyrir árið 2021 og afkomuskýrsur annarra norrænna banka fyrir 2021. Arðsemi íslensku bankanna var 12,6% árið 2021 og 4,8% árið 2020, en 11,4% og 7,8% hjá hinum norrænu bönkunum að meðaltali.




# SÉRSTAKUR SKATTUR Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

# Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki

- Markmið laga nr. 155/2010
  - “[Að] afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins”
  - “[Að] draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið”
- Gjaldhlutfall og skattstofn
  - Á Íslandi er gjaldhlutfall 0,145% á skuldir umfram 50 milljarða íslenskra króna
  - Í Hollandi greiða bankar sérstakan skatt, þar sem skatthlutfallið er 0,376% á skuldir umfram 50 milljarða króna
  - Í Hollandi er gjaldhlutfall 0,044% fyrir skammtíma skuldir og 0,022% fyrir langtíma skuldir (umfram 20,9 milljarða evra)
  - Í Svíðþjóð var á síðasta ári samþykktur sérstakur skattur (*s. riskskatt*) með gjaldhlutfallið 0,05% (sem svo hækkar í 0,06%) á skuldir umfram 150 milljarða sænskra króna
- Áhrif breytinga á tekjur ríkissjóðs, verðmæti eignarhluta ríkisins, hagkerfið og trúverðugleika stjórnvalda

# Fjárhagsleg áhrif breytinga gjaldhlutfalls á ríkissjóð



Heimild: Bankasýsla ríkisins. Samkvæmt núgildandi lögum er gjaldhlutfall 0,145%. Á gildistíma þeirra hefur það einnig verið 0,041%, 0,1285% og 0,376%. Breytingar á virði eignarhluta m.v. 12,0x hagnaðarmargfaldara.